

Ár 2016, miðvikudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Fjallað er um embætti héraðssaksóknara í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, með síðari breytingum og lögreglulögum nr. 90/1996, með síðari breytingum. Samkvæmt 22. gr. laga um meðferð sakamála skipar innanríkisráðherra héraðssaksóknara og skal hann veita embættinu forstöðu. Heyrir því undir kjararáð að ákveða héraðssaksóknara laun og starfskjör.

Kjararáð úrskurðaði hinn 15. desember 2009 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör saksóknara, sbr. 5. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 og úrskurð nr. 2009.5.001. Kjararáð lítur svo á að sömu sjónarmið og þar koma fram eigi við um varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 12. nóvember 2015 frá innanríkisráðuneytinu þar sem greint er frá því að samkvæmt lögum nr. 47/2015 um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum taki embætti héraðssaksóknara til starfa þann 1. janúar 2016. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð ákveði laun héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara. Með bréfinu fylgdu skipunarbréf fyrir héraðssaksóknara, sem skipaður var í embætti frá og með 28. október 2015 og varahéraðssaksóknara, sem skipaður var frá og með 1. janúar 2016.

Fram kemur í bréfi ráðuneytisins að embætti héraðssaksóknara fari með ákærvald á lægra ákærvaldsstigi, það er ákærumeðferð sakamála og saksókn fyrir héraðsdómi, sbr. 23. gr., 146. gr. og 147. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. lög nr. 47/2015. Þá annist embættið lögreglurannsóknir í skatta- og efnahagsbrotamálum, ásamt rannsóknum á brotum starfsmanna lögreglu og brotum gegn valdstjórninni. Héraðssaksóknari sé hliðsettur lögreglustjórum við meðferð ákærvalds og rannsóknir. Héraðssaksóknari annist einnig móttöku tilkynninga á grundvelli laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka og annast endurheimt ólögmeats ávinnings af hvers kyns refsiverðri háttsemi í tengslum við lögreglurannsóknir við embætti héraðssaksóknara og lögreglustjóraembætta. Fram kemur að í fjárlögum sé gert ráð fyrir að hjá embættinu verði 50 stöðugildi og fjárheimildir 774,2 milljónir króna fyrir árið 2016.

Með bréfum dagsettum 24. nóvember 2015 var héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við ráðið, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Jafnframt var fjármála- og efnahagsráðuneyti með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að leggja fram greinargerð, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Héraðssaksóknari sendi kjararáði bréf dagsett 3. desember 2015. Í bréfinu segir að embættið annist öll þau verkefni sem sérstakur saksóknari hafi áður annast, það er rannsókn og eftir atvikum saksókn í efnahags- og skattamálum. Embættið annist saksókn fyrir héraðsdómi í flestum þeirra mála sem ríkissaksóknari hafi ákært í fram að stofnun héraðssaksóknaraembættisins, svo sem manndráps- og alvarlegum líkamsmeiðingamálum, kynferðisbrotamálum og alvarlegum fíkniefnamálum. Þá sé fyrirséð að héraðssaksóknara kunni að verða falið að reka mál fyrir Hæstarétti eins og reyndin hafi verið með mál frá sérstökum saksóknara. Embættið annist einnig

rekstur peningaþvættisskrifstofu, sem áður hafi verið verkefni ríkislögreglustjóra, ásamt vinnu að endurheimt ólögmarks ávinnings en það sé nýtt sérsvið. Einnig sé verkefni embættisins að rannsaka og saksækja mál er varði brot gegn valdstjórninni auk rannsókna og saksóknar vegna kærumála á hendur lögreglumönnum fyrir brot í starfi. Hér sé um að ræða veruleg og þýðingarmikil verkefni sem snerti erfiðustu sakamálin sem lögregla og ákærvald fáist við þar sem miklir hagsmunir bæði einstaklinga og almennings séu í húfi. Ljóst sé að um vandasamt starf sé að ræða í stjórnskipulegum skilningi og þess megi vænta að því fylgi verulegt álag, að viðbættu því álagi sem fylgir fyrirsjáanlegum samskiptum við fjölmiðla vegna umfjöllunar um þau mál sem embættið glími við. Fram kemur í bréfi héraðssaksóknara að gert sé ráð fyrir að starfsmenn embættisins verði um 50, þar á meðal saksóknarar, aðrir lögræðingar, lögreglumenn og skrifstofufólk. Embættið geti einnig kvatt til utanaðkomandi sérfræðinga til að vinna tiltekin verkefni í þágu rannsókna. Við mat á launakjörum sé rétt að líta til launakjara dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, ríkissaksóknara eða sérstaks saksóknara. Við ákvörðun eininga beri að líta til launakjara lögreglustjóra enda feli starfið í sér lögreglustjórn að hluta hvað varði lögreglurannsóknarverkefni embættisins. Að endingu er bent á að við ákvörðun launa og starfskjara verði fjárhagslegt sjálfstæði héraðssaksóknara tryggt.

Varahéraðssaksóknari sendi kjararáði bréf dagsett 9. desember 2015. Í bréfinu segir að við stofnun embættis héraðssaksóknara 1. janúar 2016 flytjist þangað nánast öll þau mál sem embætti ríkissaksóknara hafi áður farið með ákærvald í. Þar vegi þyngst kynferðisbrot, alvarleg ofbeldisbrot og stór fíkniefnabrot. Varahéraðssaksóknari stýri því sviði þar sem fjallað verði um nefnd brot auk þess sem þar verði tekin ákvörðun um saksókn í valdstjórnarbrotum og kærur á hendur lögreglu. Gert sé ráð fyrir að nú ákærhendur starfi á sviðinu. Starfinu fylgi töluverð ábyrgð. Um erfiða og mikilvæga málaflokka sé að ræða auk þess sem mikið reyni á stjórnun innan sviðsins. Þá sé varahéraðssaksóknari staðgengill héraðssaksóknara. Einnig megi gera ráð fyrir ýmsu nefndastarfi tengdu málafloknum. Við ákvörðun launakjara sé rétt að taka mið af launakjörum vararíkissaksóknara.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 22. desember 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til úrskurða um laun annarra saksóknara við ákvörðun um laun héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara. Jafnframt að gætt sé jafnræðis við ákvarðanir kjararáðs.

Með bréfum dagsettum 11. janúar 2016 fengu héraðssaksóknari og varahéraðssaksóknari sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi héraðssaksóknara dagsettu 22. janúar 2016 eru ítrekuð fyrri sjónarmið um viðmið við launaákvörðun.

Með bréfum dagsettum 29. janúar 2016 var saksóknurum við embætti héraðssaksóknara gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við ráðið, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Jafnframt fengu þeir send áðurnefnd bréf innanríkisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Kjararáði bárust bréf saksóknaranna dagsett 12. til 16. febrúar 2016. Í þeim kemur meðal annars fram að undir ákærvald héraðssaksóknara heyri þau mál sem áður heyrðu undir embætti sérstaks saksóknara og allflest mál sem áður heyrðu undir ákærvald ríkissaksóknara. Þá segir að fjöldi óafgreiddra mála hafi flust frá ríkissaksóknara til héraðssaksóknara. Auk þess fjölgi sífellt málum sem rannsökuð hafi verið hjá lögreglu og send til ákærmeðferðar hjá héraðssaksóknara. Í öllum tilvikum sé um að ræða sakamál í þeim brotaflokkum sem ástæða hafi þótt til að hafa ákærvald í hjá öðrum en lögreglustjórum í hverju umdæmi fyrir sig. Um stærri og alvarlegri sakamál sé að ræða sem áður hafi heyrt undir ákærvald ríkissaksóknara en heyri nú undir

héraðssaksóknara. Búast megi við miklu álagi í starfi hjá embættinu og þess óskað að höfð verði hliðsjón af því við ákvörðun launakjara.

III.

Fjallað er um skipan og hlutverk ákærvaldsins í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 með síðari breytingum. Gerðar voru breytingar á skipan ákærvaldsins með lögum nr. 47/2015 um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum og tóku þær gildi 1. janúar 2016. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að nefndum lögum segir að fyrirkomulag ákærvalds verði í stórum dráttum þannig að ákærvaldið verði á tveimur ákærustigum. Ríkissaksóknari verði áfram æðsti handhafi ákærvalds en lögreglustjórar og nýtt embætti héraðssaksóknara fari með ákærvald á lægra ákærvaldsstigi. Kemur einnig fram að markmið breytinganna sé að efla og styrkja ákærvaldið í landinu með því meðal annars að efla eftirlitshlutverk ríkissaksóknara með rannsóknum og saksókn.

Eins og fram kemur hér að framan tók embætti héraðssaksóknara til starfa 1. janúar 2016, sbr. fyrrnefnd lög nr. 47/2015 um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum. Embætti héraðssaksóknara tekur við öllum verkefnum embættis sérstaks saksóknara, sem lagt er niður frá sama tíma, en einnig verkefnum frá ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og öðrum lögregluembættum. Samkvæmt nefndum lögum fer héraðssaksóknari með ákærvald og lögreglustjórn og hefur þannig stöðu og heimildir lögreglustjóra. Héraðssaksóknari er hliðsettur lögreglustjórum við meðferð ákærvalds og rannsóknir.

Innanríkisráðherra skipar héraðssaksóknara ótímabundið og er embættisskrifstofa hans í Reykjavík. Honum til aðstoðar er varahéraðssaksóknari sem ráðherra skipar ótímabundið, svo og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Ráðherra ákveður fjölda saksóknara að höfðu samráði við ríkissaksóknara. Héraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari og saksóknarar skulu fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Héraðssaksóknari ræður annað starfslíð við embætti sitt, þar á meðal aðstoðarsaksóknara og saksóknarfulltrúa sem lokið hafa embættis-eða meistaraþrófi í lögfræði. Héraðssaksóknari ber ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa. Hann skiptir verkum með varahéraðssaksóknara og saksóknurum og úthlutar þeim málum. Við embættið skal vera sérstök deild skatta- og efnahagsbrota og skal sá eða þeir saksóknarar sem þar starfa bera starfsheiti sem kennt er við málaflokkinn. Héraðssaksóknari getur skipt embættinu í fleiri deildir eftir málaflokkum eða umdæmum.

Héraðssaksóknari og varahéraðssaksóknari fara með lögregluvald. Héraðssaksóknari fer með lögreglustjórn á sínu verksviði og hefur stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum og lögum um meðferð sakamála. Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu undir stjórn héraðssaksóknara eða lögreglustjóra nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum. Innanríkisráðherra setur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara nánari reglur um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu héraðssaksóknara og lögreglustjóra við rannsókn sakamála.

Héraðssaksóknari annast rannsókn brota gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá annast embættið rannsókn alvarlegra brota gegn 128. gr., 129. gr., 179. gr., 247.-251. gr., 253. gr., 254. gr., 264. gr. og 264. gr. a almennra hegningarlaga. Jafnframt annast héraðssaksóknari rannsókn alvarlegra brota gegn skatta- og tollalögum, brota gegn lögum sem varða gjaldeyrismál, samkeppni, verðbréf, lánsviðskipti og aðra fjármálastarfsemi, umhverfisvernd, vinnuvernd og stjórn fiskveiða sem og annarra alvarlegra, óvenjulegra eða skipulagðra fjármunabrota sem tengjast atvinnurekstri eða verslun og viðskiptum. Einnig er honum heimilt að annast rannsókn brota sem tengjast framangreindum brotum. Ríkissaksóknari getur falið héraðssaksóknara rannsókn annarra brota.

Þá rannsakar embætti héraðssaksóknara mál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa þeirra. Það á þó ekki við um ætluð refsiverð brot starfsmanna embættisins en slík mál eru á forræði ríkissaksóknara.

Héraðssaksóknari annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Embættið annast einnig greiningu á tilkynningum og miðlun upplýsinga til annarra stjórnvalda að því marki sem nauðsynlegt er. Þá skal embættið vinna við endurheimt og upptöku ólögmaets ávinnings af hvers kyns refsiverðri háttsemi í tengslum við lögreglurannsóknir við embættið og önnur lögreglustjóraembætti.

Ríkissaksóknari sker úr um valdsvið héraðssaksóknara gagnvart lögreglustjórum og milli lögreglustjóra innbyrðis, varðandi rannsóknir brota, ef vafi rís um það.

Ákærendur eru ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar. Að auki, í umboði þeirra vararíkissaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarfulltrúar, svo og löglærðir aðstoðarlögreglustjórar.

Ákærendur taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákæruvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Hlutverk ákæranda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem fremja afbrot verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þeir skulu gæta hlutlægni í störfum sínum, vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.

Héraðssaksóknari höfðar sakamál ef um er að ræða brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga eins og nánar er tilgreint í lögum um meðferð sakamála. Má þar nefna kynferðisbrot, meiriháttar fíkniefnamál, meiriháttar líkamsmeiðingar, manndráp, brot í opinberu starfi, almannahættubrot og frelsissviptingu. Héraðssaksóknari höfðar einnig sakamál vegna annarra brota sem hann rannsakar samkvæmt lögreglulögum. Þá tekur hann ákvörðun um kæru til Hæstaréttar í máli sem hann hefur til rannsóknar eða hann hefur höfðað.

Í héraði flytur héraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknari, aðstoðarsaksóknari eða saksóknarfulltrúi þau mál sem héraðssaksóknari höfðar. Ríkissaksóknari sækir mál fyrir Hæstarétti að undanskildum kærumálum sem héraðssaksóknari og lögreglustjórar fara með samkvæmt lögum.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Embætti héraðssaksóknara tók til starfa 1. janúar 2016. Embættið tók við öllum verkefnum embættis sérstaks saksóknara, sem lagt var niður frá sama tíma, en einnig verkefnum frá ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra og öðrum lögregluembættum. Í kafla III hér að framan er fjallað um hlutverk embættis héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embættið. Eins og þar kemur fram fara héraðssaksóknari og varahéraðssaksóknari með lögregluvald. Héraðssaksóknari fer með lögreglustjórn á sínu verksviði og hefur stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra. Þá er rannsókn sakamála í höndum lögreglu undir stjórn héraðssaksóknara eða lögreglustjóra nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum. Héraðssaksóknari er einnig ákærandi í þeim málum sem mælt er fyrir um í lögum. Varahéraðssaksóknari og saksóknarar við embætti héraðssaksóknara fara með ákæruvald í umboði hans.

Störf ákæranda fela ekki eingöngu í sér málflutning fyrir dómi heldur ekki síður ákvarðanir um rannsókn mála og saksókn. Eins og fram kemur í lögum um meðferð sakamála taka ákærander ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum. Hlutverk ákæranda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem fremja afbrot verði beittir lögmæltum viðurlögum. Þeir skulu gæta hlutlægni í störfum sínum, vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Við ákvörðun launa héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara er einkum litið til launa annarra saksóknara, launa dómara og launa lögreglustjóra eftir því sem við á að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 28. október 2015 skulu mánaðarlaun héraðssaksóknara vera samkvæmt launaflokki 502-142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun varahéraðssaksóknara vera samkvæmt launaflokki 502-140, nú 1.094.455 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun saksóknara við embætti héraðssaksóknara vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú 1.023.517 krónur. Að auki skal greiða þeim 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 28. október til 30. nóvember 2015 er eining 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, síðast 7.818 krónur. Frá 1. desember 2015 er eining 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara við embætti héraðssaksóknara gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber